

# Skýrsla formanns Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar - Starfsárið 2018

Nú er öðru ári mínu sem formaður Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar að ljúka. Starf formans ÆSKP er afskaplega skemmtilegt, fjölbreytt og frábært að fá að starfa í grasrótargreyfingu ungs fólks innan kirkjunnar.

Árið í ár var viðburðaríkt líkt og fyrri ár. Við höldum áfram samstarfi okkar við European fellowship. Ég tel að það sé mikilvægt að samtök á borð við ÆSKP séu hluti af erlendum samstarfsverkefnum og taki þátt í fjölpjóðlegum og samkirkju/trúarlegum viðburðum. Slíkt eykur víðsýni okkar og skilning. Það er von mín að aðildarfélög ÆSKP haldi áfram að vera dugleg í að hvetja sitt fólk til að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum enda er það dýrmæt reynsla og frábært tækifæri til að kynna nýju fólk, fá hugmyndir og eflast í starfi.

Árlegt kirkjuþing unga fólksins var haldið í sjöunda skipti á Biskupsstofu. Við sjáum betur og betur hversu miklu máli skiptir að rödd unga fólksins heyrir í kirkjunni. Kirkjuþing unga fólksins er ekki lengur stakur viðburður eða tilrauna verkefni, heldur hefur það haslað sér völl sem stjórnskipulega mikilvæg eining innan kirkjunnar. Þar koma saman fulltrúar frá öllum prófastdæmunum og velta því upp hvernig kirkjan megi halda áfram að vaxa og dafna í takt við tíðarandan í samfélaginu hverju sinni. Kirkjuþing ungafólksins mætir verkefnum og áskorunum kirkjunnar frá sjónarhorni fólks sem hefur alist upp innan hennar og ætlar sér að halda áfram að vaxa og dafna, stolt af sinni kirkju. Málafni ársins í ár bera með sér þorsta eftir þekkingu og faglegu starfi innan kirkjunnar, áskorun um að kirkjan verði leiðandi í umhverfisvernd og ákalli eftir enn meira trausti í garð ungsfólks til að leiða störf kirkjunnar.

Sem grasrótar samtök og kirkja er mikilvægt að standa vörð um stöðu mannréttindi og fagna fjölbreytileikanum í samfélaginu. Það er því alltaf tilhlökkunar efni að taka þátt í Gleðigöngunni, en þetta var í fjórða sinn sem ÆSKP tekur þátt. Gleðigangan er á tíma ársins sem fá æskulýðsfélög eru starfandi og þess vegna er merkilegt að það náist yfir höfðuð þátttaka æskulýðsbarna í göngunni. Leiðtogar æskulýðsfélaga eru duglegir að mæta sem og prestar kirkjunnar og það er áberandi hvað fólk nýtur þess að vera með og vera sýnilegt í gleðigöngunni fyrir kirkjuna sína.

Landsmót er alltaf einn af hápunktum ársins. Verkefnið er stórt en svo ótrúlega skemmtilegt. Í ár voru þær Ása Laufey Sæmundsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir landsmótsstjórnar. Mótið var haldið á Selfossi heimabæ Jóhönnu. Þeim fórst verkefnið vel af hendi og eiga þær ásamt framkvæmdastjóra og landsmótsnefnd bestu þakkið skilið fyrir frábærlega vel skipulagt mót. Eftir mótið í ár líkt og síðustu

ár var send út könnun til leiðtoga, og það var gleðiefni að sjá hversu glaðir og sáttir leiðtogar voru með alla framkvæmd mótsins.

Kostnaður við landsmót er alltaf stór hluti af undirbúningi og reynir landsmótsnefnd að leita leiða til að lækka hann, en engu að síður var komið að þeirri erfiðu ákvörðun að hækka mótsjöldin í ár. Kostnaður vegna rútuferða og matar hefur aukist á síðast liðnum árum og meiri óvissa var í ár um kostnað rútuferða. Þess vegna var þetta því eina í stöðunni til að koma í veg fyrir stórfelt tap á rekstri mótsins.

Umgjörðin á Seflossi var öll til fyrirmyndar, stutt var á milli skóla, IÐU og sundlaugarinnar auk þess sem veðrið var með okkur í liði. Fræðslan fjallaði að sjálfsgöðu um sköpunarverkið og umhverfismál. Undirrituð sá um að skipuleggja fræðsluna og voru fjórir fyrirlesarar. Þær sem voru sr. Eva Björk Valdimarsdóttir formaður ÆSKP, Rakel Garðarsdóttir stofnandi samtakana Vakandi, sr. Arna Grétarsdóttir verkefnastjóri Lúthersársins og Katrín Magnúsdóttir verkefnastjóri hjá Landvernd. Eva Björk talaði út frá sköpunarsögunni og hvernig hún fjallar um samband Guðs, manns og sköpunarverksins. Samkvæmt sköpunarsögunni eigum við mennirnir að yrkja og gæta sköpunarverksins. Það þýðir að við erum samverkamenn Guðs í sköpuninni og eigum að skila því áfram til komandi kynslóða. Rakel talaði um umhverfisvandann og hvernig neysla okkar vesturlandabúa hefur áhrif á alla jörðina. Hún sýndi fram á hvernig við getum haft áhrif í okkar lífi með því að draga úr neyslu og matarsóun hvatti okkur til dáða. Arna Grétarsdóttir fræddi okkur um Lúther og siðbótina sem í ár er 100 ára og kynnti tesuverkefni sem unglíngarnir tóku svo þátt í í hópastarfinu. Katrín kynnti fyrir okkur grænfánaverkefni Landverndar en æskulýðsfélög geta tekið þátt í því og þannig unnið að bættri umhverfismenningu í sinni kirkju. Hópastarfið var með nýju sniði. Fyrirkomulagið var svipað og í Messy Church, þannig að krakkarnir gátu flakkað á milli stöðva þar sem mismunandi verkefni voru í boði. Þetta tókst vonum frammar, krakkarnir voru áhugasöm um verkefni og leystu þau vel.

Að taka þátt í starfi ÆSKP er virkilega gefandi, þar býðst gott tækifæri til að starfa af hugsjón og taka þátt í móta kirkjuna okkar til framtíðar. Innan ÆSKP starfar stór hópur fólks og einstaklega góður, leiðtogar í æskulýðsstarfi, prestar og djáknar sem eru alltaf tilbúin þegar á þarf að halda, láta í sér heyra og geta unnið saman sem ein heild.

Ég væri ekki hér ef ég hefði ekki góða stjórn, einstakan framkvæmdastjóra og frábæra landsmótsnefnd. Þetta er einstaklega skemmtilegt og úrræðagott fólk sem alltaf eru tilbúin til að gefa af sér og vinna ötullega saman að æskulýðsmálum. Það eru forréttindi að vinna með þannig fólki.

